

ABC barnahjálp
Ársreikningur
2023

ABC barnahjálp
Nýbýlavegi 6
200 Kópavogur
Kt. 690688-1589

Efnisyfirlit

| | |
|----------------------------------|---|
| Skýrsla og áritun stjórnar | 3 |
| Áritun óháðs endurskoðanda | 4 |
| Rekstrarreikningur | 6 |
| Efnahagsreikningur | 7 |
| Sjóðstreymisyfirlit | 8 |
| Skýringar | 9 |

Skýrsla og áritun stjórnar

ABC barnahjálpar er íslenskt hjálparstarf, stofnað 1988. Starfið snýst um að gefa fátækum börnum tækifæri til menntunar með því að koma á fót leik-, grunn- og framhaldsskólum þar sem þörf er á ásamt því að styrkja börn til náms, sinna heilbrigðismálum, fullorðinsfræðslu, bættri afkomu og neyðarhjálp þegar aðstæður krefjast. Starfsemi ABC barnahjálpar var með svipuðu sniði árið 2023 og undanfarin ár, félagið byggir afkomu sína á gjöfum, áheitum, söfnunarfé, öðrum framlögum og styrkjum ásamt því að starfrækja nytjamarkað.

Rekstrartekjur ársins námu 305,4 millj. kr. samanborið við 279,5 millj. kr. á árinu 2022. Framlög til hjálparstarfa skv. skipulagsskrá nema 166,7 millj. kr. miðað við 161,3 millj. kr. á árinu áður. Tekjur umfram gjöld námu 6,0 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi, Samkvæmt efnahagsreikningi nemur eigið fé 41,0 millj. kr. í árslok 2023. Heildareignir námu í árslok 45,5 millj. kr.

Yfirlýsing stjórnar

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar er ársreikningur ABC barnahjálpar í samræmi við lög um ársreikninga og er það álit stjórnar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu 31. desember 2023 og rekstrarafkomu ABC barnahjálpar og breytingu á handbæru fé á árinu 2023.

Stjórn ABC barnahjálpar hefur í dag rætt ársreikning félagsins fyrir árið 2023 og staðfest hann með undirritun sinni.

Reykjavík, 28. maí 2024

Í stjórn hjálparstarfsins:

Samuél Ingimarsson
frárn Einarsson
Kristjana G. Haldrupóttu
M. ÞROTTA SM
Sigurður H. Win
S. M. Einarsson

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar ABC barnahjálpar

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning ABC barnahjálpar („félagið“) fyrir árið 2023. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2023 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2023, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins í árituninni. Við erum óháð félaginu í samræmi við gildandi siðareglur fyrir endurskoðendur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstrarhæfi félagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa félagið upp eða hætta starfsemi þess, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Stjórn og framkvæmdastjóri skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins, frh.:

- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi félagsins. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert félagið órekstrarhæft.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reykjavík, 28. maí 2024

KPMG ehf.



Rekstrarreikningur ársins 2023

| | Skýr. | 2023 | 2022 |
|--|-------|--------------------|---------------------|
| Rekstrartekjur | | | |
| Gjafir og áheiti | 4 | 137.522.984 | 129.784.542 |
| Vörusala nytjamarkaðar | | 98.169.777 | 77.448.627 |
| Önnur framlög og styrkir | 5 | 69.681.621 | 72.273.200 |
| | | <u>305.374.382</u> | <u>279.506.369</u> |
| Rekstrargjöld | | | |
| Laun og launatengd gjöld | 6 | 73.963.163 | 70.634.090 |
| Sent til hjálparstarfa skv. skipulagsskrá | 7 | 166.711.786 | 161.279.622 |
| Annar rekstrarkostnaður | 8 | 59.511.249 | 51.401.289 |
| Afskriftir | 9 | 941.383 | 1.761.675 |
| | | <u>301.127.581</u> | <u>285.076.676</u> |
| Rekstrarafkoma án fjármunatekna og fjármagnsgjalda | | 4.246.801 | (5.570.307) |
| Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) | | | |
| Vaxtatekjur | | 1.761.216 | 852.214 |
| Vaxtagjöld | | 101.677 | (189.305) |
| Gengismunur | | (141.765) | (11.059) |
| | | <u>1.721.128</u> | <u>651.850</u> |
| Tekjur umfram gjöld (gjöld umfram tekjur) | 10 | <u>5.967.929</u> | <u>(4.918.457)</u> |

Efnahagsreikningur 31. desember 2023

| | Skýr. | 2023 | 2022 |
|------------------------------------|-------|-------------------|-------------------|
| Eignir | | | |
| Hugbúnaður | | 2.358.791 | 3.300.174 |
| Bifreið | | 244.936 | 244.936 |
| Fastafjármunir samtals | 9 | <u>2.603.727</u> | <u>3.545.110</u> |
| Viðskiptakröfur | | 7.696.165 | 7.669.930 |
| Fyrirframgreiddur kostnaður | | 796.736 | 0 |
| Handbært fé | | 34.358.054 | 28.922.784 |
| Veltufjármunir samtals | | <u>42.850.955</u> | <u>36.592.714</u> |
| Eignir samtals | | <u>45.454.682</u> | <u>40.137.824</u> |
| | | | |
| Eigið fé | | | |
| Óráðstafað eigið fé | 10 | 41.029.592 | 35.061.663 |
| Eigið fé samtals | | <u>41.029.592</u> | <u>35.061.663</u> |
| | | | |
| Skammtímaskuldir | | | |
| Viðskiptaskuldir | | 1.626.965 | 2.249.139 |
| Ógreidd launatengd gjöld | | 2.798.125 | 2.827.022 |
| Skuldir samtals | | <u>4.425.090</u> | <u>5.076.161</u> |
| Eigið fé og skuldir samtals | | <u>45.454.682</u> | <u>40.137.824</u> |

Sjóðstreymisyfirlit ársins 2023

| | Skýr. | 2023 | 2022 |
|---|-------|--------------------------|--------------------------|
| Rekstrarhreyfingar: | | | |
| Tekjur umfram gjöld (gjöld umfram tekjur) | 10 | 5.967.929 (| 4.918.457) |
| Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi: | | | |
| Afskriftir | 9 | 941.383 | 1.761.675 |
| Veltufé til rekstrar | | <u>6.909.312 (</u> | <u>3.156.782)</u> |
| Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum: | | | |
| Skammtíma kröfur, (hækkun) lækkun | (| 822.971) | 95.430 |
| Skammtímaskuldir, (lækkun) hækkun | (| 651.071) | 904.265 |
| Breytingar rekstartengdra eigna og skulda | (| <u>1.474.042)</u> | <u>999.695</u> |
| Handbært til rekstrar | | <u>5.435.270 (</u> | <u>2.157.087)</u> |
| Fjárfestingarhreyfingar | | | |
| Fjárfesting í rekstrarfjármunum | 9 | 0 (| 305.612) |
| Fjárfestingarhreyfingar | | <u>0 (</u> | <u>305.612)</u> |
| Breyting á handbæru fé | | <u>5.435.270 (</u> | <u>2.462.697)</u> |
| Handbært fé í ársbyrjun | | <u>28.922.784</u> | <u>31.385.483</u> |
| Handbært fé í árslok | | <u><u>34.358.054</u></u> | <u><u>28.922.784</u></u> |

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir

1. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur ABC barnahjálpar er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

2. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundradshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til 10% niðurlagsverði er náð.

3. Handbært fé

Sjóður og bankainnstæður teljast til handbærs fjár.

4. Gjafir, áheit og söfnunarfé börn hjálpa börnum

Gjafir, áheit og söfnunarfé sem safnast á árinu til hjálparstarfa greinist þannig:

| | 2023 | 2022 |
|---|----------------------|----------------------|
| Gjafir og áheit | 137.522.984 | 129.784.542 |
| Sent til hjálparstarfa skv. skipulagskrá sjá nánar skýringu nr. 7 | (166.711.786) | (161.279.622) |
| | <u>(29.188.802)</u> | <u>(31.495.080)</u> |

5. Önnur framlög og styrkir

Önnur framlög og styrkir greinist þannig:

| | | |
|---|-------------------|-------------------|
| Neyðarsjóður | 26.182.774 | 29.344.823 |
| Rekstrarsjóður, símasafnanir og önnur framlög | 38.316.882 | 40.006.188 |
| Baukar | 5.181.965 | 2.922.189 |
| | <u>69.681.621</u> | <u>72.273.200</u> |

6. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

| | | |
|-------------------------------------|-------------------|-------------------|
| Laun | 66.774.436 | 60.047.653 |
| Mótframlag Vinnumálastofnunar | (7.487.728) | (3.805.128) |
| Lífeyrissjóður | 8.613.976 | 7.836.882 |
| Tryggingagjald | 4.798.601 | 4.324.965 |
| Önnur launatengd gjöld | 1.263.878 | 1.193.273 |
| Dagpeningar | 0 | 1.036.445 |
| | <u>73.963.163</u> | <u>70.634.090</u> |

| | | |
|---|---|---|
| Meðalfjöldi starfsmanna á árinu umreiknaður í heilsársstörf | 9 | 9 |
|---|---|---|

Skýringar, frh.:

7. Sent til hjálparstarfa skv. skipulagsskrá

| Sent til hjálparstarfa skv. skipulagsskrá greinist þannig: | 2023 | 2022 |
|--|--------------------|--------------------|
| Sent til ABC barnahjálpar í Búrkína Fasó | 32.429.884 | 28.275.741 |
| Sent til ABC barnahjálpar í Úganda | 64.452.179 | 60.614.114 |
| Sent til ABC barnahjálpar í Bangladess | 23.147.094 | 23.727.793 |
| Sent til ABC barnahjálpar á Filippseyjum | 18.001.763 | 17.239.849 |
| Sent til ABC barnahjálpar í Pakistan | 13.563.675 | 11.847.214 |
| Sent til ABC barnahjálpar í Kenía | 10.970.855 | 12.792.657 |
| Sent til Comforter Ministries á Indlandi | 4.146.336 | 6.096.940 |
| Moldóva v.Úkraínu | 0 | 505.314 |
| Fræðsla til barna á Íslandi | 0 | 180.000 |
| | <u>166.711.786</u> | <u>161.279.622</u> |

8. Annar rekstrarkostnaður

Annar rekstrarkostnaður greinist þannig:

| | | |
|--|-------------------|-------------------|
| Húsaleiga | 37.044.387 | 27.425.009 |
| Bókun vegna greiðslukorta og þjónustugjöld | 3.695.277 | 3.476.427 |
| Tölvukostnaður | 3.428.573 | 3.560.079 |
| Skrifstofukostnaður | 3.663.845 | 3.610.771 |
| Auglýsinga og kostnaður vegna fjáraflana | 3.299.863 | 4.628.045 |
| Húsnæðiskostnaður | 1.934.179 | 1.656.986 |
| Aðkeypt þjónusta | 1.727.288 | 2.408.579 |
| Ferðakostnaður og vettvangsþjónusta | 1.390.198 | 2.710.045 |
| Gjafir og framlög | 2.534.090 | 1.548.796 |
| Tryggingar | 147.149 | 182.180 |
| Námskeið | 646.400 | 149.400 |
| Ýmis gjöld | 0 | 44.972 |
| | <u>59.511.249</u> | <u>51.401.289</u> |

9. Rekstrarfjármunir

| Rekstrarfjármunir greinast þannig. | Hugbúnaður | Bifreið | Samtals |
|------------------------------------|------------------|----------------|------------------|
| Heildarverð 1.1.2023 | 9.096.756 | 2.449.369 | 11.546.125 |
| Afskrifað 1.1.2023 | (5.796.582) | (2.204.433) | (8.001.015) |
| Bókfært verð 1.1.2023 | <u>3.300.174</u> | <u>244.936</u> | <u>3.545.110</u> |
| Afskrifað á árinu | (941.383) | 0 | (941.383) |
| Bókfært verð 31.12.2023 | <u>2.358.791</u> | <u>244.936</u> | <u>2.603.727</u> |
| Heildarverð 31.12.2023 | 9.096.756 | 2.449.369 | 11.546.125 |
| Afskrifað samtals 31.12.2023 | (6.737.965) | (2.204.433) | (8.942.398) |
| Bókfært verð 31.12.2023 | <u>2.358.791</u> | <u>244.936</u> | <u>2.603.727</u> |

Skýringar, frh.:

10. Eigið fé

Óráðstafað eigið fé greinist þannig:

| | 2023 | 2022 |
|--|-------------------|-------------------|
| Eigið fé 1.1. | 35.061.663 | 39.980.120 |
| Tekjur ársins umfram gjöld (gjöld umfram tekjur) | 5.967.929 | (4.918.457) |
| Eigið fé 31.12. | <u>41.029.592</u> | <u>35.061.663</u> |

Að tilmælum þróunarsamvinnustofnunar hefur félagið lagt til hliðar 20,8 millj.kr. á meðal handbærs fjár sem hugsað er sem varasjóður.

11. Leigusamningar

Félagið hefur gert tvo leigusamninga um húsnæði, annarsvegar fyrir að Nýbýlavegi 4-6 og hinsvegar Laugavegi 118B. Annar samningurinn er til fimm ára en hann tók gildi febrúar 2021 og gildir til janúar 2026. Hinn samningurinn tók gildi 1. mars 2023 og gildir til september 2029. Ónúvirtar leigugreiðslur á samningstímanum eru 97,2 millj. kr. Áætlaðar leigugreiðslur á árinu 2024 eru 38,7 millj. kr. Húsaleigusamningarnir eru verðtryggðir.

| | |
|--|-------------------|
| Leigugreiðslur árið 2024 | 38.743.922 |
| Leigugreiðslur árið 2025 | 38.743.922 |
| Leigugreiðslur árið 2026 | 7.354.213 |
| Leigugreiðslur árið 2027 | 4.500.603 |
| Leigugreiðslur árið 2028 | 4.500.603 |
| Leigugreiðslur síðar | <u>3.375.452</u> |
| Samtals leiguskuldbinding í árslok | <u>97.218.716</u> |